

Fullgild rafraen undirskrift

GUNNAR VALUR GÍSLASON

Kennitala: 060358-6809

2025-02-28 12:58:08 GMT

Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR

Kennitala: 210271-5549

2025-03-03 11:51:24 GMT

Astæða: Undirskrift

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2024

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur
Kt. 681077-0819

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi SSH var að venju umfangsmikil á árinu 2024. Alls voru formlegir fundir stjórnar SSH 23, eigendafundir Sorpu bs. sjö og eigendafundir Strætó bs. fimm. Stefnumráð byggðasamlaganna fundaði tvisvar sinnum. Þá voru haldnir sjö svokallaðir örfundir þar sem öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var boðið til fundar um þau sameiginlegu verkefni og málefni sem voru hæst á baugi hjá SSH. Stærsta verkefni SSH á árinu var uppfærsla Samgöngusáttmálans en viðauki við hann og samkomulag um rekstur og stjórnskipulag almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 21. ágúst 2024. Þá var unnið að öðrum verkefnum sem tengjast samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins sem og starfsemi Betri samgangna ohf.

Á árinu 2024 var unnið að nýrri sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 með aðkomu og samráði kjörinna fulltrúa og annarra hagaðila. Stjórn SSH samþykkti nýja sóknaráætlun í byrjun árs 2025 ásamt þeim áhersluverkefnum sem unnið verður að á næstu árum. Líkt og undanfarin ár var unnið að áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 sem tengjast m.a. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Þau áhersluverkefni sem unnið var að á árinu 2024 voru alls 10. Um var að ræða nýjan útivistarvef fyrir höfuðborgarsvæðið, forathugun á nýjum innkaupavef og málefnum fráveitu og verkefni sem vörðuð börn innflytenda í skólum, forvarnir og geðrækt hjá ungmennum, tækifæri til útivistar við vötn, haf o.fl., þróun Hvítár-Hvítár svæðisins, þróun á Invest in Reykjavík og að lokum samstarf við Umhverfisráðuneytið og Sorpu um söfnun og meðhöndlun á textíl.

Á árinu 2024 fundaði Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins tíu sinnum og tók um 40 erindi til efnislegrar meðferðar. Nefndin hélt ýmsa fundi um önnur mikilvæg málefni s.s. er varða almannavarnir og fór í heimsóknir í aðildarsveitarfélög í þeim tilgangi að kynna sér helstu skipulagsverkefni sem í gangi eru. Stofnaður var starfshópur á vettvangi svæðisskipulagsnefndar, með það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar og nefndin gaf út leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. Á árinu var einnig unnin þriðja þróunaráætlunin á grunni Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, en þar var lögð áhersla á að greina skipulagsheimildir í uppbyggingu íbúða – og atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Nýr útivistavefur höfuðborgarsvæðisins, Út um allt, var tekinn formlega í notkun í upphafi ársins 2025 og unnið var að greiningum og hagsmunamálum er tengdust verkefnum sveitarfélaganna. Gerður var samningur við barna- og menntamálaráðuneytið um ráðningu verkefnastjóra sem mun m.a. leggja grunn að farsældarráði og áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna.

Unnið var áfram að þróun framkvæmda á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og hafin var vinna við borun tilraunaborhola á Bláfjallasvæðinu sem tengist mótvægisáðgerðum og vatnsvernd svæðisins.

Á vettvangi SSH störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni vegna sóknaráætlunar, velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála o.fl. Ný heimasíða samtakanna var opnuð í júní 2023 og var í áframhaldandi þróun á árinu 2024, en henni er ætlað að auðvelda til muna upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa og annarra hagaðila, en áður hafði jafnframt verið tekin í gagnið sérstök gagnagátt þar sem kjörnir fulltrúar geta nálgast fundargerðir og fylgigögn þeirra.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2024 en þau eru Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2024 er afkoma samtakanna jákvæð um 6,4 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi nam 32,6 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld á skrifstofu SSH námu 56,4 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri á skrifstofu SSH og meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar. Samtals nam kostnaður verkefnisins 36,2 millj. kr. á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Kópavogur, 3. mars 2025
Framkvæmdastjóri



Í stjórn samtakanna:

Jhita Björg Þilmisdóttir

Ragnhildur Ásmundsdóttir

Þórunn Kristjánsdóttir

Valdimar Viðisson

Alvar Þórunnsson

Þórunn Þórunnsson

Þórunn Þórunnsson

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fólson, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 3. mars 2025

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 28. febrúar 2025

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr	Ársreikningur 2024	Fjárhagsáætlun 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	4	41.607.784	41.145.993	38.551.188
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		51.268.788	51.300.000	49.766.323
		<u>92.876.572</u>	<u>92.445.993</u>	<u>88.317.511</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	56.380.838	54.830.807	51.764.277
Húsnæðiskostnaður	6	8.363.173	8.843.730	8.009.691
Annar rekstrarkostnaður	7	16.293.289	16.944.527	6.646.870
		<u>81.037.300</u>	<u>80.619.064</u>	<u>66.420.838</u>
Verkefnakostnaður	8	10.729.210	12.500.000	12.885.305
		<u>91.766.510</u>	<u>93.119.064</u>	<u>79.306.143</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		<u>1.110.062</u>	<u>(673.071)</u>	<u>9.011.368</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		6.842.350	750.295	3.978.268
Fjármagnstekjuskattur		(1.505.317)	0	(875.219)
Vaxta- og þjónustugjöld		(58.627)	0	(49.939)
		<u>5.278.406</u>	<u>750.295</u>	<u>3.053.110</u>
Afkoma ársins	10	<u>6.388.468</u>	<u>77.224</u>	<u>12.064.478</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Skammtímakröfur		17.062.377	3.784.717
Óinnheimt vegna Sóknaráætlunar		0	10.000.000
Handbært fé		96.987.390	87.208.254
		<u>114.049.767</u>	<u>100.992.971</u>
	Eignir samtals	<u>114.049.767</u>	<u>100.992.971</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	9		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	10	<u>32.649.339</u>	<u>26.260.871</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		11.076.263	9.913.401
Skammtímaskuldir		12.430.831	32.913.401
Ónotað verkefnafé		57.893.334	31.905.298
		<u>81.400.428</u>	<u>74.732.100</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>114.049.767</u>	<u>100.992.971</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2024	2023
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	10	6.388.468	77.224	12.064.478
Veltufé frá (til) rekstrar		6.388.468	77.224	12.064.478
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(3.277.660)	0	1.540.762
Skammtímaskuldir, hækkun		6.668.328	0	19.649.943
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		3.390.668	0	21.190.705
Handbært fé frá (til) rekstrar		9.779.136	77.224	33.255.183
Hækkun á handbæru fé á árinu		9.779.136	77.224	33.255.183
Handbært fé í ársbyrjun		87.208.254	87.208.254	53.953.071
Handbært fé í árslok		96.987.390	87.285.478	87.208.254

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2024 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	2024	2023
Reykjavíkurborg	23.514.812	21.774.792
Kópavogsbær	6.653.480	6.208.332
Hafnarfjarðarbær	5.166.492	4.758.780
Garðabær	3.197.016	2.943.252
Seltjarnarnesbær	772.604	728.208
Mosfellsbær	2.257.952	2.093.208
Kjósarhreppur	45.428	44.616
	41.607.784	38.551.188

5. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	23.267.409	20.433.554
Önnur laun skrifstofu	24.262.221	21.002.216
Lífeyrissjóðsgjöld	6.416.509	5.593.829
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	1.591.621	1.368.047
Tryggingagjald	3.493.582	3.053.104
Tryggingar	99.786	89.844
Annar starfsmannakostnaður	396.078	268.805
Áfallið orlof	(122.753)	850.878
Þátttaka sóknaráætlunar í launakostnaði skrifstofu	(2.051.615)	0
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(972.000)	(896.000)
	56.380.838	51.764.277

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	12.394.232	13.857.647
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	5.751.403	4.634.494
Lífeyrissjóðsgjöld	2.296.530	2.350.786
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	347.928	417.694
Tryggingagjald	1.298.118	1.323.530
Dagpeningar	113.575	70.045
Annar starfsmannakostnaður	44.100	60.000
Samgöngustyrkur	73.300	72.000
Áfallið orlof	48.774	(771.765)
Framlag vinnu í sóknaráætlun	0	(1.067.713)
Launakostn. vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostn.	(22.367.960)	(20.946.718)
	0	0

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Laun annarra sérverkefna

Laun	0	7.376.514
Lífeyrissjóðsgjöld	0	995.830
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	0	176.900
Tryggingagjald	0	549.460
Áfallið orlof	0	(1.223.471)
Annar starfsmannakostnaður	0	11.772
	0	7.887.005
Hlutdeild sérverkefna í launakostnaði	0	(7.887.005)
Laun og launatengd gjöld samtals	56.380.838	51.764.277

6. Húsnæðiskostnaður:

	2024	2023
Húsaleiga	5.994.960	5.633.522
Annar kostnaður	2.368.213	2.376.169
	8.363.173	8.009.691

7. Annar rekstrarkostnaður:

Framlag SSH til Sóknaráætlunar.....	5.000.000	5.000.000
Tölvubjónusta.....	2.652.847	2.329.884
Tölvubjónusta vegna nýrrar vefsíðu.....	0	331.957
PBI mælaborð.....	1.865.825	0
Bókhaldsbjónusta.....	2.242.500	1.455.500
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	828.851	694.044
Sími og burðargjöld.....	480.691	523.180
Bifreiðastýrskir.....	1.071.318	1.050.717
Rekstur og viðhald tölvukerfis.....	2.024.064	1.860.766
Gjaldfærð símtæki og tölvubúnaður.....	1.226.745	704.289
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.465.775	1.690.572
Öryggisúttekt tölvukerfa.....	1.039.000	0
Ráðstefnur og námskeið.....	98.120	173.224
Ráðningabjónusta.....	869.240	0
Önnur sérfræðibjónusta.....	512.063	125.375
Auglýsingar og textavinna.....	786.904	179.653
Ferðakostnaður.....	262.940	222.822
Bækur, blöð, tímarit.....	106.120	94.855
Pappír, prentun, ritföng.....	253.179	142.588
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(1.574.372)	(3.406.289)
Hlutdeild verkefna í sameiginlegum kostnaði.....	0	(1.578.687)
Annar kostnaður.....	81.479	52.420
	16.293.289	6.646.870

Sóknaráætlun landshlutasamtaka

Sóknaráætlunarverkefni eru unnin í samfellu milli ára, og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurlíðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti í viðauka með ársreikningi. Af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var veitt framlag að upphæð 3,4 millj. kr til vinnu við umsýslu sóknaráætlunar 2024 auk framlags í tengslum við undirbúning sóknaráætlunar 2025 að fjárhæð 4,4 millj. kr.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.:

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Sóknaráætlun 2020-2024:

	2024	2023
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt vegna ársins	25.000.000	15.000.000
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt vegna fyrra árs	10.000.000	9.000.000
Framlag SSH til sóknaráætlunar.....	5.000.000	5.000.000
Framlag frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.....	12.500.000	20.000.000
Vaxtatekjur.....	1.895.149	690.595
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2020-2024.....	3.625.987	3.406.289
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2025.....	4.418.650	0
Innheimt á árinu vegna sóknaráætlunar	62.439.786	53.096.884
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, breyting óinnheimt.....	(10.000.000)	1.000.000
Ónotað innheimt verkefnafé Sóknaráætlunar í upphafi árs.....	19.604.502	9.931.851
Ónotað verkefnafé Sóknaráætlunar í árslok	(28.707.472)	(19.604.502)
Ráðstöfuð framlög á árinu	43.336.816	44.424.233
Sameiginlegur kostnaður.....	3.625.987	3.406.289
Nýsköpunar- og samkeppnisverkefni (Sóley).....	0	28.400
Forvarnir og geðrækt hjá unglingum.....	2.948.000	0
Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur.....	0	883.709
Fráveitumál.....	1.258.400	0
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	2.067.237	117.592
Börn innflytjenda.....	288.550	0
Sameiginlegur innkaupavefur.....	192.000	0
Forvarnir á tímum Covid-19.....	0	91.000
Þróun Hvítar til Hvítar.....	2.439.525	0
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.....	0	131.522
Útivistarsvæði hbsv.....	3.833.500	1.974.629
Textíl verkefni.....	5.338.869	0
Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins.....	10.659.448	964.695
Almenningssamgöngur -ábatí, markaðsgreining og setning.....	0	12.123.435
Almenningssamgöngur -nýir notendur.....	2.292.520	0
Innleiðing hringrásarhagkerfisins á hbsv.....	113.300	5.576.072
Rafúrgangur -Samtarfsverkefni UTR, Sorpu og SSH	0	9.885.547
Loftslagsstefna -Samstarfsverkefni URN og SSH.....	3.860.830	5.241.343
Áfangastaðastofa -Framlag til áframh. undirbúnings.....	0	4.000.000
Sóknaráætlun 2025.....	4.418.650	0
	43.336.816	44.424.233
Sóknaráætlun 2020-2024	0	0
Framlög ársins:	2024	2023
Framlag ríkissjóðs.....	25.000.000	25.000.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	3.625.987	3.406.289
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2025 - 2029.....	4.418.650	0
Framlög annarra.....	12.500.000	20.000.000
	50.544.637	53.406.289
Innheimt framlög:		
Framlag ríkissjóðs.....	25.000.000	15.000.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	8.044.637	3.406.289
Framlög annarra.....	12.500.000	20.000.000
	50.544.637	43.406.289
Óinnheimt verkefnafé í árslok	0	10.000.000

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar eru innheimt sem hluti af árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna. Óinnheimt og ónotað verkefnafé færast milli ára og mun verða nýtt á komandi ári til verkefna tengdum Sóknaráætlun 2020-2024.

Svæðisskipulag:

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna annast skrifstofa SSH rekstur og stjórnsýslulegt utanumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þann 23. nóvember 2021 var samkomulagið endurnýjað og féll úr gildi eldra samkomulag frá 24. ágúst 2012. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

	2024	2023
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	30.456.805	28.159.461
Verkefnafé.....	5.000.000	5.000.000
Verkefnafé annarra.....	0	3.100.000
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	12.300.796	9.815.691
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags.....	(11.572.061)	(12.300.796)
Innheimt vegna svæðisskipulags	36.185.540	33.774.356
Laun svæðisskipulagsstjóra.....	12.394.232	13.857.647
Laun svæðisskipulagsnefndar.....	5.751.403	4.634.494
Launatengd gjöld.....	3.942.576	4.092.010
Breyting áfallins orlofs.....	48.774	(771.765)
Sími.....	44.100	60.000
Bifreiða- og samgöngustyrkur.....	73.300	72.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	8.639.848	7.430.425
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....	421.847	606.561
Innheimtur útlagður kostnaður.....	(130.540)	(139.303)
Verkefnastjórnun sóknaráætlunarverkefna.....	0	(1.067.713)
Svæðisskipulag	36.185.540	33.774.356
	0	0
Almenningssamgöngur:	2024	2023
Framlög Vegagerðarinnar v. sam. um eflingu almenningssamg.....	(906.000.000)	(906.000.000)
Greitt til Strætó bs.....	906.000.000	906.000.000
	0	0

Samkvæmt samningi um eflingu Almenningsamgangna frá 7.maí 2012.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.

Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið	2024	2023
Verkefnafé ríkis, sveitar- og hagsmunafélaga.....	0	4.000.000
Verkefnafé flutt til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.....	0 (3.488.732)
Ónotað verkefnafé	0	7.323.223
	0	7.834.491
Laun og launatengd gjöld	0	4.280.758
Hlutdeild í skrifstofukostnaði.....	0	516.528
Aðkeypt ráðgjafþjónusta.....	0	1.757.725
Rekstur tölvukerfis.....	0	86.686
Ferðakostnaður.....	0	533.753
Fundakostnaður.....	0	200.008
Auglýsingar og annar kostnaður.....	0	459.033
	0	7.834.491
Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið	0	0
Annar verkefnakostnaður:	2024	2023
Þjónusta við fatlað fólk með miklar sérþarfir.....	0	174.000
Stjórnsýsluverkefni.....	0	547.203
Viðhald girðinga.....	6.332.268	11.833.001
Vatnsvernd, aðkeypt þjónusta.....	14.940.300	15.881.739
Borholuverkefni, aðkeypt þjónusta.....	161.288.441	0
Almenningssamgöngur - samgöngusáttmáli.....	4.396.942	0
Velferðarsvið - verkefnisstjórn.....	0	4.232.278
Umdæmisráð.....	2.006.658	1.571.205
Skotíþróttasvæði.....	2.478.700	0
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar borholuverkefni.....	(193.842.542)	(15.881.739)
Vatnsvernd, innheimt verkefnafé flutt til næsta árs.....	17.613.801	
Innheimt hjá sveitarfélögum v/um dæmisráðs.....	(2.006.658)	(1.571.205)
Innheimt hjá sv.félögum vegna verkefnisstjórnun velferðarsv.....	0	(4.232.278)
Innheimt hjá sv. félögum vegna Skotíþróttasvæðis.....	(2.478.700)	0
Annar verkefnakostnaður	0	331.101
	10.729.210	12.885.305
Verkefnakostnaður samtals	10.729.210	12.885.305

9. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða tölvubúnað, húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

10. Yfirlit um eiginfjárreikning

	2024	2023
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	26.260.871	14.196.393
Afkoma ársins	6.388.468	12.064.478
Eiginfjárreikningur í árslok	32.649.339	26.260.871

11. Samningar

Hinn 7. maí 2012 var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og SSH vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn var gerður til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nema um 900 millj. kr. árlega á samningstímanum. SSH eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt óskertum áfram til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum samkvæmt samningnum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni og hefur framlagið verið óbreytt.

Hinn 21. ágúst 2024 skrifuðu íslenska ríkið og sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes undir samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald. Felur samkomulagið það m.a. í sér að komið verði á fót nýju félagi eða rekstrareiningu sem annist þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt félag verði í sameiginlegri eigu ríkisins, sem fari með 33% eignarhlut og sveitarfélaganna sem fari með 67% hlut. Á haustdögum 2024 var skipaður sérstakur stýrihópur vegna undirbúnings stofnunar félagsins. Hópurinn er enn að störfum en gert er ráð fyrir að nýtt félag, hvers starfsemi verði fjármögnuð til samræmis við skiptingu eignarhalds, taki til starfa í júní 2025. Vegna þessa verkefnis var gerður samningur við Expectus ráðgjöf um ráðgjöf og verkefnastjórn vegna stofnunar félagsins og var kostnaður vegna þessa og annars ráðgjafarkostnaðar, þ.e. sá hluti sem féll á sveitarfélögin á árinu 2024, 4,4 millj.kr. greiddur af verkefnafé SSH.

Þegar framangreint kemst til framkvæmda munu greiðslur ríkisins eiga sér stað í gegnum umrætt félag en ekki með milligöngu SSH eins og eldri samningur geri ráð fyrir.

Hinn 12. nóvember 2019 gerðu SSH annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hins vegar með sér samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024. Til að vinna að markmiðum samningsins mótuðu SSH sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2020-2024. Árlega eru svo skilgreind áhersluverkefni sem ætlað er að endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar. Nam greiðsla innviðaráðuneytisins vegna samningsins 25 millj. kr. vegna ársins 2024 og framlag SSH 5 millj. kr. Að auki kom til samningur við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vegna verkefnis á sviði umhverfismála, og var framlag ráðuneytisins vegna þess 12,5 millj. kr. á árinu. Jafnframt var framlag ríkisins vegna mótunar nýrrar sóknaráætlunar vegna árana 2025-2029 greitt á árinu 2024 en það nam um 4,4 millj. kr.

Einnig var gerður viðauksamningur við sóknaráætlun milli SSH og mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna ráðningar verkefnastjóra sem hefur það hlutverk að innleiða svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu. Framlag ráðuneytisins vegna stöðugildis verkefnastjóra í tvö ár er um 30 millj. kr. Gengið var frá ráðningu verkefnastjóra í lok árs 2024 og hóf hann störf í febrúarmánuði 2025. Aðsetur verkefnastjóra er á skrifstofu SSH.

Hinn 22. júní 2020 var gert samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu en aðilar þess eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Veitur. Tilgangur samkomulagsins, sem byggir á fyrirliggjandi markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um sameiginlega vatnsvernd og samræmingu ákvarðana sem snerta vatnsverndarsvæðin. Kostnaði við árlegt viðhald og endurskoðun grunnvatns- og rennislíkans svo og sértækar viðbótargrunnrannsóknir er skipt milli vatnsveitna sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda.

Sem mótvægisáðgerð vegna framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum var farið í borun rannsóknarborhola. Tilgangurinn er að vakta grunnvatn höfuðborgarsvæðisins enn betur, en það á upptök sín á þessu svæði. COWI var falið að sjá um verkefnastjórnun vegna útboðs, eftirlits og leyfisveitinga við borun á fjórum nýjum rannsóknarborholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæði. Undirritaður var verksamningur við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða (Ræktó) vegna rannsóknarborana á Bláfjallasvæði 20. júní 2024. Einnig var undirritaður verksamningur við Jarðval SF þann 4. júní 2024 um jarðvinnu vegna rannsóknarborana á Bláfjallasvæðinu. Borun hófst við þrjár holur sumarið 2024. Ein þeirra er fullkláruð en tvær eru ókláraðar vegna áskorana við borun og gerð jarðlaga á svæðinu.

11. Samningar, frh.

Hinn 12. desember 2022 var undirritaður samningur um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs barnaverndar aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur. Samkvæmt samningnum annast SSH fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna. Sérstakur samningur ásamt viðauka hefur verið gerður um verkefni SSH en þau fela m.a. í sér umsýslu með samningum um rafrænt vinnusvæði ráðsins, tölvupóstfang, rafrænar undirritanir og skjalasendingar og fastar árlegar greiðslur til ráðsmanna. Heildarkostnaður vegna þessara þátta nam um 1,2 millj. kr. á árinu 2024 og skiptist milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda. Jafnframt fara launagreiðslur til sérstaks ritara umdæmisráðs í gegnum SSH en kostnaður vegna þess er innheimtur sérstaklega hjá þeim sveitarfélögum sem eiga aðild að málum fyrir ráðinu hverju sinni.

Eru þá ótaldir ýmsir smærri samningar sem varða rekstur skrifstofu SSH, s.s. vegna húsaleigu, tölvu- og netþjónustu, bókhaldsþjónustu og verktöku í tilteknum verkefnum tengdum sóknaráætlun og öðrum verkefnum sem SSH takast á við hverju sinni.

12. Aðrir samningar

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sveitarfélögin samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Hafa verið gerðir þrjú viðaukar við samninginn frá 7.maí 2018, þ.e. í mars 2020, febrúar 2021 og maí 2022. Var framkvæmdakostnaður á skíðasvæðunum áætlaður 5.3 milljarðar kr. til ársins 2026. Á árinu 2020 var farið í útboð vegna skíðalyfta og snjóframleiðslu og var öllum tilboðum hafnað. Í kjölfarið var ákveðið að fara í samkeppnisútboð vegna skíðalyfta og lágu niðurstöðu þess fyrir hinn 11. maí 2021. Í kjölfar þess var ákveðið að taka tilboði lægstbjóðanda, Dobbeldmayr skíðalyfta ehf., vegna lyftanna Gosa og Drottningar. Gekk verkefnið vel og voru lyfturnar afhentar í árslok 2022. Þá var, í júní 2022, heimilað að ráðast í útboð vegna kaupa á snjóframleiðslubúnaði og borunar vinnsluholu vegna snjóframleiðslu. Sumarið 2022 var gengið til samninga við lægstbjóðanda vegna byggingar salernishúss á suðursvæði Bláfjalla. Ofangreindum framkvæmdum í Bláfjöllum er nú að fullu lokið og nam kostnaður vegna þeirra um 3,1 milljarði kr. til samræmis við áætlanir. Unnið er að undirbúningi og uppfærslu þarfagreiningar og kostnaðaráætlunar vegna uppbyggingar á skíðasvæðinu í Skálafelli.

Hinn 26. september 2019 var undirritað samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára þ.e. til og með ársins 2033 (Samgöngusáttmálinn). Skrifað var undir uppfærslu og viðauka við Samgöngusáttmálann 21. ágúst 2024 og er gildistími hans nú út árið 2040. Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og annast á grundvelli þess eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu m.a. með skipun þriggja af sex stjórnarmönnum í Betri samgöngum ohf. Greiðslur sveitarfélaganna til Samgöngusáttmálans fara nú beint frá sveitarfélögum til Betri samgangna ohf. skv. samkomulagi þar um.

Hinn 6. mars 2020 gerðu sveitarfélögin Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes samning við Strætó bs. vegna framkvæmdar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Samhliða voru settar sameiginlegar reglur fyrrgreindra sveitarfélaga um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og samkomulag þeirra um sameignlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Framangreint felur m.a. í sér að Strætó bs. fer með umsýslu með rekstri akstursþjónustunnar en jafnframt ber sérstök stjórn akstursþjónustunnar faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2024

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Viðhald gjörðinga	Almennings samgöngur	Vatnsvernd	Umdæmisráð	Samg. sáttm. þ.m.t. almenn.	Samtals 2023
Innheimt vegna verkefna								
Hlutdeild ríkissjóðs		45.544.637						45.544.637
Verkefnafé sveitarfélaga	35.456.805	5.000.000						40.456.805
Aðrir hagsmunaaðilar								0
Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas.								195.849.200
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, breyting		1.895.149				2.006.658		0
Vaxtatekjur				906.000.000				1.895.149
Vegagerðin v. sam. um eflingu almenningssamg.								906.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs	12.300.796	19.604.502						31.905.298
Ónotað verkefnafé flutt til Áfangastofu höfuðb.sv.								0
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs)	(11.572.061)	(28.707.472)			(17.613.801)			(57.893.334)
	36.185.540	43.336.816	0	906.000.000	176.228.741	2.006.658	0	1.163.757.755
Kostnaður vegna verkefna								
Laun og tengd gjöld	22.136.985							22.136.985
Annar rekstrar-kostnaður	539.247	52.223						591.470
Verkefniskostnaður	8.509.308	39.658.606	6.332.268	906.000.000	176.228.741	2.006.658	4.396.942	1.143.132.523
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	5.000.000	3.625.987						8.625.987
	36.185.540	43.336.816	6.332.268	906.000.000	176.228.741	2.006.658	4.396.942	1.174.486.965
Verkefnakostnaður SSH	0	0	6.332.268	0	0	0	4.396.942	10.729.210